

Nafn námskeiðs: **Lóðrétt ljóð**

Staðsetning: Umhverfi útistofunnar í Heiðmörk

Tengt: Íslenska, Miðstig (5.-7. bekkur), Náttúrufræði

Nánari lýsing:

## Lóðrétt ljóð

**Viðfangsefni:** Ljóðagerð og kynning á lóðréttum ljóðum.

**Aldur:** Miðstig.

**Árstími:** Allir.

**Tími:** 2 kennslustundir.

**Stutt lýsing:** Nemendur sækja innblástur til náttúrunnar við ljóðagerð.

**Kennslugögn:** Upplýsingabæklingur, skriffæri og blöð.

### Framkvæmd:

**Kveikja:** Kennarinn kynnir nemendur fyrir lóðréttum ljóðum.

Í upphafi velur maður orð sem er lýsandi fyrir svæðið og stemninguna á staðnum. Orðið er skrifað lóðrétt á blaðið og gegnir hver stafur í ljóðinu hlutverki upphafsþéttstafs hvernar línu. Þannig er orðið *vor*;

**V indurinn blæs**

**O rmarnir geispa**

**R egnið vakti þá**

Á *vettvangi*: Nemendur dreifa sér um svæðið og sækjast eftir innblæstri. Þeir fá 30 mínútur til að semja ljóðin. Hver nemandi getur valið sér nokkur upphafsorð til að semja í kringum. Einnig er sniðugt að spreyta sig á öðrum ljóðformum, eins og að bæta við rími o.s.frv.

**Úrvinnsla og ígrundun:** Nemendur standa upp og lesa ljóðin fyrir bekkjarfélagi sína. Kennari metur nemendur jafnóðum. Tilvalið er að kveikja varðeld á eldstæðinu í útikennslustofunni og hafa framsögnina þar.

+ Nemendur geta skráð ljóðin sín í *vísindabækur* og þannig unnið áfram með ljóðin þegar komið er til baka í skólann.